

Eð.

624. Frumvarp

til laga um Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 598, með þessum breytingum:

34. gr. hljóðar svo:

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 3 ára í senn, svo og varaformann. Hina 4 bankaráðsmennina kýs sameinað Alþingi hlutbundnum kosningum til 4 ára í senn, svo og 4 varamenn til jafnlangs tíma. 2 bankaráðsmenn og 2 varamenn ganga úr annaðhvert ár, og ræður hlutkesti hvorir 2 bankaráðsmenn og varamenn ganga úr í fyrsta skifti. Bankaráðsmenn og varamenn má endurkjósa.

Ef formaður og varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan formann eða varaformann. Og ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður hans fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins milli þinga, setur ríkisstjórnin menn í þeirra stað til næstu þingloka.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi endurgjaldslaust hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 kr. í ársþóknun, hinir bankaráðsmennirnir 2000 kr. hver. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

36. gr. hljóðar svo:

Bankaráðið ræður aðalbankastjóra og tvo aðra bankastjóra. Eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um að ræða afbrot af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra binum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Skulu þau vera fastbundin árslaun og mega ekki að neinu leyti vera miðuð við rekstrarhagnað bankans. Hinir bankastjórnarnir hafa að árslaunum 12000 krónur hvor.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af laununum handa bankastjóranum, og 25% af laununum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fje bankans eftir sömu reglum.

57. gr. hljóðar svo:

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni. Bankastjórar, aðrir en aðalbankastjóri, svo og allir bankaráðsmennirnir, fá dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbólin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

Jafnskjótt sem núverandi bókarí, aðalfjehirðir eða fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.